

LÖG

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum sem veitt hefðu rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir stofnun A-deildar sjóðsins, þ.e. eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið er eigi minna en hálf starf.

b. Í stað orðanna „flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í B-deild og A-deild sjóðsins.

Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins“ í 1. mgr. kemur: veitt hefðu rétt til aðildar að sjóðnum fyrir stofnun A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

b. Í stað orðanna „flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.